

Til umhverfisnefndar Alþingis  
frá Náttúrufræðistofnun Íslands

9. 12. 2002

Minnisblað  
Vegna fundar um verkefni Umhverfisstofnunar.

Helstu athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands við frumvarp til laga um verkefni Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi (munnlegar skýringar):

1. 17. grein orðist svo: “Í stað orðanna” Náttúruvernd ríkisins” í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.”
2. 34. grein frumvarpsins falli brott.
3. Skv. 3. mgr. 35. greinar verður ráðgjafarnefnd um villt dýr lögð niður, en upp tekið samráð við ýmsa aðila í staðinn. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að Umhverfisstofnun taki að hluta við verkefnum villidýranefndar, en óráðlegt að leggja nefndina niður. Nefndin er mjög mikilvægur vettvangur fyrir aðkomu hagsmunaaðila eins og reynslan hefur sýnt.
4. 38. grein, b-liður, orðist svo:  
“2. mgr. orðast svo: Umhverfisstofnun getur í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands veitt tímabundna undanþágu...”
- 39.91. → 5. Eðlilegra er að Umhverfisstofnun veiti slíkar undanþágur að fenginni umsög Náttúrufræðistofnunar.
6. Breyta þarf síðari másl. 40. gr. b-liðar. Lagt er til að hann orðist svo:  
“Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands og umsögn Umhverfisstofnunar um þær.”
- 42.91. 7. Á eftir orðunum “Náttúrufræðistofnun Íslands” komi “Umhverfisstofnun”. ; 1. mgr. 73. gr.
8. Í síðasta másl. 5. mgr. 43. greinar falli orðin “ skilgreiningu ágangssvæða hreindýra” brott.

Athyglisvert er að í 43. grein er ekki gert ráð fyrir að þær stofnanir sem eiga að annast vöktun og mat á ástandi hreindýrastofnsins hafi aðkomu að ákvörðun um veiðikvóta og veiðisvæði.

